

BARNALÆKNINGAR

Jóhanna Guðrún Pálmadóttir
barnalæknir, sérfræðingur í næringar- og
meltingarsjúkdómum barna



Starf barnalæknis er fjölbreytt og gefandi

Í læknánáminu fannst mér flest áhuga-vert sem ég var að fást við á hverjum tíma í verknámi. Þá var ég ekkert að velta fyrir mér af alvöru hvaða sérgrein ég myndi velja. Nokkrar sérgreinar skildu meira eftir sig en aðrar og margir sérfræðingar voru góðar fyrirmyndir sem maður leit mjög upp til. Stærsta fyrirmynd mín hefur þó alltaf verið faðir minn heitinn, Pálmi Frímansson, sem var heilsugæslulæknir í Stykkishólmi. Hann hafði mikinn áhuga á forvörnum og lýðheilsu og var góð fyrirmynd hvað varðar heilbriggt lífni og umhyggju fyrir öðrum.

Á kandidateisrári hafði ég samband við yfirlækni á barnadeild því mig langaði til að vinna þar sem deildarlæknir. Þetta reyndist örloagarík ákvörðun því það hvarflaði aldrei neitt annað að mér eftir þetta en að verða barnalæknir. Andinn á barnadeildinni var góður og þar voru margir frábærir sérfræðingar sem gerðu þennan tíma ógleymanlegan. Það sem heillaði mig við barnalækningar voru auðvitað samskiptin við börnin og fjölskyldur þeirra en einnig áhugi minn á næringu, þroska og velferð barna almennt. Ég hugleiddi ekki sérstaklega að það gæti verið erfitt að vinna með mikið veik börn en hef áttað mig mun betur á því í seinni tíð.

Örlögin höfðu gripið í taumana án þess að ég áttaði mig almennilega á því. Hörður Bergsteinsson nýburalæknir kom að máli við mig og hvatti mig til að sækja um sérnám í barnalækningum við University of Connecticut þar sem margir íslenskir barnalæknar hafa stundað nám. Hörður hélt góðu sam-

bandi við prógrammstjórnann þar úti og gaf meðmæli sem tekið var mark á. Maðurinn minn, sem er Íslendingur en fæddur í Bandaríkjunum, vildi fara þangað aftur. Það lá því beinast við að við færum þangað og ég hef aldrei séð eftir því. Árin í Hartford í Connecticut urðu sjö talsins, þar sem ég varð svo fyrsti sérnámslæknir þeirra í nýju prógrammi í næringar- og meltingarsjúkdómum barna.

Við ákváðum að vera lengur í Bandaríkjunum eftir að náminu lauk en ég var með grænt kort og gat því unnið hvar sem var. Maðurinn minn er verk-

fræðingur og gat unnið allan tímann sem við vorum úti og var einnig í MBA-námi. Það breytti miklu fyrir aðstæður okkar sem fjölskyldu þarna úti. Ég réði mig til starfa við Medical University of South Carolina í Charleston, yndislegri borg á suðausturströndinni. Við vorum þar í fimm ár, svo árin úti urðu samtals 12. Það var ómetanleg reynsla að stíga fyrstu skrefin sem sérfræðingur með góða kollega sér við hlið og öðlast enn meiri reynslu. Fyrir mig sem meltingarlæknir var einnig mikilvægt að framkvæma margar speglafræni og öðlast færni sem auðvelt var að viðhalda.

Ég held að ég hafi alltaf vitað innst inni að ég kæmi til baka til Íslands. Sú ákvörðun kom smám saman þegar maður fór að velta fyrir sér framtíð fjöl-

skyldunnar. Við gefum svo mikið af okkur í þessari vinnu og ég fann að mig langaði að sinna starfinu mínu á Íslandi. Ég var svo lánsöm að fá fullt starf á Barnaspítala Hringins árið 2019 en það sem breyttist við heimkomuna var að ég fór að sinna almennum barnalækningum aftur samhliða undirsérgreininni. Það var viss áskorun en ég er farin að kunna að meta þann hluta starfsins betur með hverju árinu þó vissulega taki það tíma frá undirsérgreininni. Þar eru verkefnið óþrjótandi. Mér finnst frábært að vinna náið með öllum sérgreinalæknum og í teymisvinnu

Mér finnst frábært að vinna náið með öllum sérgreinalæknum og í teymisvinnu með fagfólki úr öðrum starfsgreinum.

Við erum dálítið út af fyrir okkur á Barnaspítalanum og þekkjumst öll vel.

með fagfólki úr öðrum starfsgreinum. Við erum dálítið út af fyrir okkur á Barnaspítalanum og þekkjumst öll vel. Ég á svo annan skemmtilegan starfsvettvang á speglunardeild Landspítala sem gerir þetta enn fjölbreyttara. Við vinnum einnig náið með svæf-

inga- og gjörgæslulæknum og svo nýt ég góðs af því að eiga góða kollega í meltingarlækningum fullorðinna sem eru ávallt tilbúnir að aðstoða okkur og gefa góð ráð. Ef ég fengi að velja mér hugðarefni til þess að fást við meðfram annarri vinnu eða á nýjum starfsvettvangi seinna á starfsævinni hefði ég áhuga á að vinna meira með forvarnir, næringu barna og velferð þeirra almennt.